



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti  
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. október 2019

**Umsögn Landverndar um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (vatnsorkuver, vindbú), 90. mál.**

Með tölvupósti þann 22. október síðastliðinn óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Landverndar um ofangreint frumvarp. Landvernd vill því þakka flutningsmönnum fyrir að leggja fram þetta frumvarp og sýna með því í verki umhyggju fyrir íslenskri náttúru sem á víða undir högg að sækja og þarfnast svo sannarlega fleiri sterkra málsvara.

Landvernd styður tillögurnar í frumvarpinu um að vindorkuver með 2 MW uppsett afl og vatnsaflsvirkjanir með 0,2 MW uppsett afl skuli fara í umhverfismat. Þó telur Landvernd rétt að láta þessar tillögur vera hluta af heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum sem nú stendur yfir. Rétt er að koma þessum tillögum á framfæri við nefndina sem nú er að störfum við heildarendurskoðunina. Þá telur Landvernd einnig að samskonar skoðun þurfi að fara fram varðandi jarðvarmavirkjanir.

Hafa má samband við undirritaða vegna málsins með tölvupósti á tölvupóstfangið [audur@landvernd.is](mailto:audur@landvernd.is) eða í síma 8435370.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir,  
framkvæmdastjóri.

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. nóvember 2019  
2019100042/42-1-1  
TB  
jgo/tb

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (vatnsorkuver, vindbú), 90. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 22. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (vatnsorkuver, vindbú), 90. mál. Lagt er til að gerðar verði tvær breytingar á 1. viðauka framangreindra laga þannig að vatnsorkuver og vindbú skv. lið 3.22 og lið 3.24 falli framvegis undir A flokk þ.e. framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum en falla nú undir B flokk, tilkynningarskyldar framkvæmdir.

Náttúrufræðistofnun er umsagnaraðili um rannsóknaleyfi vegna virkjana og hefur stofnun orðið vör við að aukist hefur að óskað er eftir rannsóknaleyfum, sérstaklega fyrir minni vatnsorkuver. Einnig hefur það gerst að virkjanaaðilar sem standa að virkjunum minni en 10 MW, virkjanir í B flokki, hafa óskað eftir að fara með slíkar virkjanir beint í mat á umhverfisáhrifum í stað þess að fara í gegnum tilkynningarferli til Skipulagsstofnunar skv. B flokki. Þetta hafa verið virkjanir rétt undir 10 MW og hafa framkvæmdaraðilar líklega séð sér ákveðinn kost í því að fara í mat vegna álitamála sem kunna að koma upp.

Virkjanir í B flokki geta vissulega haft veruleg umhverfisáhrif en það fer auðvitað eftir þeim náttúruverðmætum sem eru á hverjum stað. Oft getur verið tilhneiging til að líta svo á að „smá“ virkjanir séu ekki vandamál vegna samanburðar við stærri virkjanir. Ekki er hægt að fjalla um þetta mál öðruvísi en að skoða sérstaklega þá ásókn sem virðist vera í að virkja „allsstaðar“ þar sem það er mögulegt án þess að til staðar sé nokkur heildarsýn á málið svipað og gert er með rammaáætlun. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um vindbú því varla er það æskilegt, t.d. fyrir landslag á Íslandi, að vindorkuver lítil eða stór skjótum allsstaðar upp kollinum svipað og gerst hefur t.d. í Danmörku.



Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekkert óeðlilegt við að allar virkjanir í þeim stærðarflokki sem hér um ræðir fari í mat á umhverfisáhrifum. Eðli málsins samkvæmt ætti að öllu jöfnu að þurfa mun umfangsminna mat, þ.e. ýmsar upplýsingar og rannsóknir, og auðveldara ætti að vera að vinsa frá atriði sem ekki væri ástæða til að fjalla um í mati. Með mati gefst fleiri aðilum kostur á að koma að málinu og framkvæmdaraðili gæti þurft að sýna fram á ólíka kosti. Með slíkum vinnubrögðum er minni hættu á slysum. Vissulega mun kostnaður aukast eitthvað en rétt er að hafa í huga að tilkynningarskylda krefst einnig töluverðar undirbúningsvinnu og öflun gagna. Hugsanlega væri ástæða til að skoða setningu sérstakra lagaákvæða eða reglugerðarákvæða um framkvæmd mats á umhverfisáhrifum fyrir minni virkjanir, vatnsorkuver eða vindbú.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2019  
Tilvísun: OS2019110006/50.11  
Verknúmer: 333173

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga til breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (vatnsorkuver og vindbú), 90. mál**

Orkustofnun vísar til erindis, dags 22. október 2019 frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum um vatnsorkuver og vindbú, 90. mál. Orkustofnun hefur farið yfir innsendar upplýsingar og hefur nokkrar athugasemdir um málið sem mikilvægt er að koma að í meðförum þingsins á málinu.

Í frumvarpinu er talað um að setja vatnsaflsvirkjanir allar yfir 200 kW og vindorkuver með 2 MW uppsett rafagl eða meira í A flokk í 1. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum, sem þýðir að þær séu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Þá segir að „*óánægja ríki[...] með núverandi fyrirkomulag þar sem virkjanir undir 10 MW hafi hlotið framkvæmdaleyfi án þess að umhverfismat hafi farið fram.*“

Orkustofnun bendir á að megintilgangur laga nr. 106/2000 er að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Vatnsorkuver með 200 kW uppsett rafagl og meira eru í langflestum tilvikum afar einföld mannvirki með takmörkuð og staðbundin umhverfisáhrif. Þau falla sem slík engan veginn undir framangreinda grunnskilgreiningu framkvæmdar sem skuli háð mat á umhverfisáhrifum. Í stöku tilvikum, og sannanlega oftast eftir því sem umfang framkvæmdarinnar vex, geta vatnsorkuver haft nokkur umhverfisáhrif, sér í lagi ef þau eru fyrirhuguð á sérlega viðkvæmum svæðum eða umfang vatnsmiðlunar er þeim mun meira. Í slíkum tilvikum eru samkvæmt núgildandi lögum vatnsorkuver með 200 kW uppsett rafagl eða meira háð mati á umhverfisáhrifum í þeim tilfellum sem Skipulagsstofnun, sem er þar til bært stjórnvald í slíkum málum, metur sem svo að ástæða sé til að framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hverju sinni. Telja verður að Skipulagsstofnun hafi alla þá burði og sérþekkingu sem þarf til að meta hvort framkvæmdir, sem tilkynntar hafa verið, skuli háðar slíku mati. Auk þess bendir Orkustofnun á að vatnsorkuver með 200 kW rafagl eru lítil orkuver og mjög íþyngjandi fyrir slík verkefni, eigi þau að vera ómaksins verð, að

leggja í ef þau eru ávallt háð slíku mati. Stofnunin telur að framlögð lagabreyting kunni að leggja af framkomna möguleika bænda til að styrkja búsetu á sínum jörðum og þróun héraðs á smávirkjunum sem geta verið afar hagkvæmar fyrir raforkuframleiðslu landsins.

Að sama skapi telur Orkustofnun ótækt að krefjast þess að öll vindorkubú með 2 MW uppsett rafafli eða meira skuli ætíð háð mati á umhverfisáhrifum, með sömu rökum og hér að ofan. Slíkar kröfur séu afar íþyngjandi fjárhagslega og í engu samhengi við líkleg umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og reksturs.

Orkustofnun bendir jafnframt á að umræddar framkvæmdir ber ætíð að kynna opinberlega á skipulagsstigi og þar gefst almenningi kostur á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en leyfi eru veitt. Þess utan er nú þegar, í lögum þeim sem lagt er til að breyta, málskotsheimild til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á ákvarðanir Skipulagsstofnunar er varða matsskyldu framkvæmda sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka með lögnum.

Virðingarfyllt,

f.h. orkumálastjóra

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir